

**Ed.**

**117. Frumvarp til laga**

[110. mál]

um ráðstafanir til að auka vöruvöndun útflutningsafurða sjávarútvegsins.

Flm.: Björn Jónsson.

**1. gr.**

Í fiskiskipum er skylt, eftir því sem ákveðið verður í reglugerð, er ráðherra setur, að hafa um borð sérstaklega gerða fiskkassa til að leggja í afla, jafnóðum og hann er innbyrtur. Skal aflinn geymdur í þeim, þar til hann er tekinn til vinnslu í fiskverkuunarstöðvum.

**2. gr.**

Fiskvinnslustöð, sem tekur við fiski til verkunar, skal hafa til umræða húsnæði og áhöld, sem geri henni kleift að geyma fisk þannig, að hann skemmist ekki, meðan hann bíður vinnslumeðferðar. Fiskmat ríkisins framkvæmir skoðun á því, hvort slík aðstaða er fyrir hendi, og gerir tillögur um úrbætur, þar sem þeirra gerist þörf. Getur Fiskmat ríkisins að gerðum slíkum tillögum ákveðið vinnslustöðvum tiltekinn frest til að fullnægja ákvæðum þessarar greinar, að viðlagðri rekstrarstöðvun viðkomandi vinnslustöðvar.

**3. gr.**

Ráðherra ákveður með reglugerð stærð og gerð fiskkassa þeirra, er um ræðir í 1. gr.

**4. gr.**

Fiskveiðasjóði er skylt að veita lán til 6 ára með venjulegum lánskjörum sínum til útgerðarfyrirtækja, sem skyld verða skv. 1. gr. til að kaupa fiskkassa og gera breytingar á lestarrúmi skipa. Skulu lánin nema 75% þessa stofnkostnaðar.

**5. gr.**

Við verðákvarðanir er Verðlagsráði sjávarútvegsins skylt að taka fullt tillit til þess kostnaðar, sem útvegurinn ber vegna ákvæða laga þessara.

**6. gr.**

Ráðherra ákveður með reglugerð nánari fyrirmæli um framkvæmd laga þessara, eftir því sem þurfa þykir.

**7. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Greinargerð.**

Lengi hefur verið ljóst, að meðferð á fiskafli og annað, sem að vöruvöndun sjávarafurða lýtur, er langt frá því að vera með æskilegum hætti. Skýrslur sanna,

að árlega glatast stórfelldir fjármunir í markaðsverði, vegna þess að sjávarafli skemmist, frá því að hann er innbyrtur í fiskiskip og þar til hann er lagður inn í vinnslustöðvar eða meðan hann bíður þar vinnslu við ófullnægjandi geymsluskilyrði. Ógerlegt mun að áætla með nákvæmni, hve stórfellt árlegt tjón verður af þessum sökum, en gæðaflokkun fullunninna sjávarafurða bendir eindregið til þess, að hér sé um mikla fjármuni að ræða. Þannig sýna athaganir, að langt innan við helmingur útfluttra sjávarafurða er fyrsta flokks vara. Sem dæmi skal nefnt, að á árinu 1966 flokkaðist útflutningur sem hér segir:

Tegund framleiðslu	Hlutföll gæðaflokka				
	I	II	III	IV	
Frystur (þorskur) .....	51.45%	44.90%	3.65%		= 100%
Saltaður (þorskur) .....	47.99%	24.26%	19.49%	8.26%	= 100%
Skreið (þorskur) .....	2.26%	16.27%	24.98%	56.49%	= 100%
Fryst sild .....	72.14%	18.20%	9.66%		= 100%
Meðaltal % .....	43.46%	25.91%	14.45%	16.18%	= 100%

Eftir því sem næst verður komizt, hefur síður en svo orðið framför í þessum efnunum frá því ári, sem hér er um að ræða, og raunar víst, að ástandið nú er öllu lakara en það var fyrir fjórum árum, enda fátt eða ekkert aðhafzt síðan til raunhæfra úrbóta.

Þegar þess er gætt, að verðmismunur milli gæðaflokka er varla undir 10%, verður auðsætt, að auka mætti heildarverðmæti afurðanna um hundruð milljóna króna, ef unnt reyndist að breyta svo meðferð sjávarfangs, að mestur hluti þess yrði 1. flokks vara. En á því eru vafalausir möguleikar. Verðmismunur gæðaflokka segir hér þó ekki alla sögu, því að óbeint tjón framleiðenda og þjóðarþúsins alls vegna lélegrar og skemmdrar vöru er örugglega mjög mikið, þar sem slík vara spillir einnig mörkuðum og markaðsverði fyrir þann hluta afurða, sem í raun er fullkomin gæðavara.

Til æskilegra og arðvænlegra breytinga í þessum efnunum þarf að leita margra úrræða, þótt hér sé aðeins fjallað um þann þátt þeirra, sem einna auðsæjast er, að getur skilað miklum árangri á skömmum tíma, þ. e. a. s. þann, sem að því lýtur að gera gagngerar ráðstafanir til þess að verja það sjávarfang, sem innbyrt er í fiskiskipin sem kjörið hráefni í gæðavöru, fyrir skemmdum á tímabilinu frá því að það kemur um borð og þar til það er unnið í vinnslustöðvum.

Með erlendum fiskveiðipjóðum er löng og örugg reynsla fyrir því, að geymsla fisks ísaðs í kössum af hæfilegri gerð og stærð leysir mikinn vanda um vöruvöndun og er einnig af fleiri sökum hagstæð fjárhagslega. En þrátt fyrir reynslu annarra í þessu efni hefur þessi geymsluaðferð ekki rutt sér til rúms hérlendis að neinu marki. Veldur þar sennilega nokkru um, að stofnkostnaður er allmikill í sambandi við þann búnað fiskiskipa og vinnslustöðva, sem þessi aðferð útheimtir, og að útvegurinn á ekki kost á fjárhagslegri fyrirgreiðslu til að standa straum af honum, svo og vafalaust að nokkru tómlæti og gróin vanafesta. Þykir flm. því auðsætt, að til sérstakrar lagasetningar þurfi að grípa, ef enn um sinn á ekki að sitja í sama farinu ár frá ári.

Í því efni, sem hér er um ræðir, er nú ekki einasta við erlenda reynslu að styðjast. Fiskkassar hafa þegar verið notaðir í nokkrum íslenskum fiskiskipum með góðum árangri, og sumarið 1969 var gerð ýtarleg rannsókn á kostum og göllum við notkun fiskkassa á vegum Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins. Framleiðnideildar frystihúsanna í Vestmannaeyjum og Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna, og liggur fyrir nákvæm skýrsla um árangur þessara rannsókna. Sannar hún fyllilega, að notkun kassanna við þau tilteknu skilyrði, sem um var að ræða, varð mjög hagstæð og færir raunar heim fullvissu um, hvert þjóðþrifamál hér er um að ræða. Meðal þess, sem fram kom við framangreinda rannsókn, var eftirfarandi:

1. Fiskur rýrnaði ekki í fiskkössum, og spöruðu þeir því allt að 5.5% rýrnun, en að meðaltali 3.6% rýrnun, sem fram kom við geymslu í stíum.
2. Geymsla í kössum reyndist auka nýtingu í neytendapakkingar úr 8.5% miðað við stiugeymslu í 19.8% og pakkánýtingu úr 41.1% í 41.5%.
3. Kælingar með „Fish Tester“ bentu til, að geymslupól aukist um 2—4 daga við geymslu í kössum miðað við stíufisk.
4. Tímamælingar á vinnu og útreikningar á vinnslu- og stofnkostnaði sýndu, að beinn hagnaður af notkun fiskkassanna varð allt að 1468 kr. á tonn og ekki minni en 632 kr. á tonn miðað við markaðsverð í árslok 1959.
5. Gæði aflans (betra mat) urðu betri og húsrými í móttöku notaðist betur.
6. Við notkun fiskkassanna reyndist vinna og stofnkostnaður meiri, en til þess hefur verið tekið fullt tillit í hagnaðarútreikningi.

Í framangreindu hefur ekki verið að neinu reiknaður sá óbeini og vafalaust mikli hagnaður, sem vinnslustöðvar mundu hafa af notkun fiskkassa vegna þeirra möguleika, sem við það sköpuðust til jöfnunar vinnu í vinnslustöðvum og minnkunar óhóflegrar yfirvinnu, þegar mikill afli berst á land dag og dag.

Einstakar greinar frv. verða nánar skýrðar í framsögu.